

Viðskiptaþing 13. febrúar 2020

Ræða formanns Viðskiptaráðs Íslands

Katrín Olga Jóhannesdóttir

Komið þið sæl og velkomin á Viðskiptaþing 2020, sem ber heitið á grænu ljósi. Ég vil óska nýrri stjórn og nýjum formanni, Ara Fenger til hamingju með kjörið í stjórn Viðskiptaráðs næstu tvö árin. Gefum þeim gott klapp.

Vá, 4 ár, hver trúir því. Hrikalega líður tíminn hratt – það rennur fyrir augum mér hvílikur fjöldi umsagna, greinar á færibandi, alltof margar ríkisstjórnir miðað við 4 ára kjörtímabili, 100 ára afmæli, frábær Viðskiptaþing, þar sem við negldum inn málefni eins og tæknibreytingar, leiðtogann og umhverfismálin, þátttaka í pallborðum og fullt af stjórnarfundum sem ég get aldrei farið rétt með númerið á. Já ég horfi stolt yfir farinn veg og er ótrúlega þakklát fyrir allt það fólk sem hefur auðgað líf mitt á þessum tíma.

Skoðum stöðuna á Íslandi í dag – til að yfirkeyra ykkur ekki í sjálfbærni og grænum ljósum mun ég leyfa öðrum að fjalla um þau málefni hér í dag.

Við getum verið stolt af því að margt hefur þróast til betri vegar í efnahagsmálum og hagstjórn á undanförunum. Líklega hefði enginn trúað þessari stöðu fyrir áratug síðan, haftalaust Ísland og lánsveitandi við útlönd, viðvarandi viðskiptaafgangur, verðstöðugleiki og lækkandi vextir. Grunnurinn sem við stöndum hefur líklega aldrei verið sterkari.

Engu að síður er staðan á þessu augnabliki óþægilega tvísýn og ég leyfi mér að hafa nokkrar áhyggjur. Við horfum fram á annað árið í röð stöðnun í hagkerfinu, aukið atvinnuleysi og dvínandi fjárfestingu. Með þennan sterka grunn þarf þetta ekki að sjálfsögðu að vera svona. Til að snúa stöðunni þurfum við öll að líta inn á við og leita leiða til að sækja áfram. Þar ríður sérstakleg á að skyttarnar þrjár í hagstjórninni, peningastefna, ríkisfjármál og vinnumarkaður, bregðist rétt við. Við þurfum líka að hugsa lengra og gera það sem við hjá Viðskiptaráði höfum tönnslast á í nærri 103 ár: Bætt rekstrarumhverfi fyrirtækja, ábyrgir stjórnarhættir og að horfa til framtíðar

Við höfum rætt um tæknibyltinguna hér á Viðskiptaþingi – hvað er verið að gera til þess að skapa ný störf? Það er alveg ljóst að það myndast bil milli starfaframboðs og eftirspurnar á

vinnumarkaði, þegar tæknin tekur við mannshöndinni, hvernig ætlum við að leysa þá stöðu? Við höfum horft uppá störf hverfa eins og t.d. í bankageiranum og eigum eftir að sjá meira af slíku – hér eru sérfræðistörf að tapast. Því er spurning hvort okkur beri gæfa til að hrinda af stað nýjum tækifærum, nýjum störfum í stað þeirra sem tapast – eða horfum við framá gjá næstu árin, þar sem fólk fær ekki störf við hæfi? Það þarf að leggja áherslu á ný störf í stað þeirra sem hverfa – nýsköpunarstefna er leið í þá átt, og athyglisvert er að rýna könnun sem framkvæmd var fyrir Nýsköpunarlandið Ísland, en þar kom fram að það væri mikil jákvæðin í garð nýsköpunar og nýsköpunarfyrirtækja, en það sem væri hindrandi væri gjaldmiðlinn og aðgengi að bankapjónustu sem og almennt umhverfi nýsköpunarfyrirtækja væri minni samkeppnishæft en í öðrum löndum, hér er því verk að vinna.

Ef við förum aftur til ársins 2012 þegar McKinsey gerði skýrslu um leiðir til vaxtar fyrir Ísland, þá var ráðlegging þeirra að leggja áherslu á alþjóðageirann. Við vorum svo lánsöm að ferðapjónustan tók við sem leiðandi afl í vexti, en núna þegar hægir á í þeim geira, er enn meiri þörf fyrir að við eflum alþjóðageirann og gerum hann að fjórða fætinum undir hagkerfið okkar – þar kemur nýsköpun sterkt inn – en þá þurfa innviðir að vera í lagi – og það virðist ekki alveg fara saman og maður veltir fyrir sér hvort að það umhverfi sem við bjóðum fyrirtækjum á alþjóðamarkaði sé yfirhöfuð samkeppnishæft við önnur lönd – hér þarf svo sannarlega að fara í naflaskoðun, kortleggja umhverfið sem við búum við með opnum huga og finna leiðir til að auka samkeppnishæfni landsins. Nóg er jú af tækifærum, byggt á sérstöðu Íslands.

Og hver er sérstaða Íslands, þurfum við ekki skýrari framtíðarsýn og stefnumótun fyrir Ísland. Væri ekki ráð núna, henda sér í að vinna stefnumótun fyrir Ísland. Ég veit að við erum með fjölskipað stjórnvald – við sjáum heilbrigðisstefnu, nýköpunarstefnu, sjávarútvegsstefnu, fjármálastefnu og svo mætti lengi telja – en mér finnst vanta að taka þetta allt saman og setja niður heildarstefnumótun fyrir Ísland. Hvernig land viljum við vera? Hvernig samfélag viljum við byggja upp? Hverja ættum við að laða til landsins, bæði hvað varðar ferðamenn, innflytjendur, fjárfesta ofl.? Hvernig eigum við að birtast gagnvart öðrum löndum? Hvar sjáum við okkur árið 2030/2040/2050? Getum við orðið leiðandi afl í þeim breytingum sem eru framundan alþjóðlega? Og svo mætti lengi telja.

Eitt af verkefnum slíkrar stefnumótunar væri að setja niður hvað á að vera sinnt af hendi hins opinbera og hvað hjá einkageira. En því miður hefur opinberi geirinn vaxið all hressilega og áttum okkur á því að þar er ekki grundvöllur verðmætasköpunar og því hræðir það að sá geiri er orðinn svona stór. Sem dæmi hefur opinberum starfsmönnum fjölgað um 7% síðustu tvö ár en fækkað um 3% í atvinnulífinu og hefur m.a. Félag ráðgjafarverkfræðinga (FRV) lýst yfir áhyggjum af því að hið opinbera sé að taka til sín verðmæta starfsmenn af verkfræðistofunum. Um sé að ræða sérfræðinga sem þær hafi kostað miklu til að þjálf. Dæmi um slíkt sáum við í auglýsingu frá Nýjum spítala rétt fyrir áramót, en þar var verið að ráða í störf sem verkfræðistofur hafa séð um áður.

Hér er því um þróun að ræða sem vert er að hafa áhyggjur af.

Annað sem þarf að ræða eru samkeppnismál og það lagaumhverfi sem boðið er uppá þar, sem er mun þrengra en gengur og gerist á þeim löndum sem við berum okkur saman við. Í þau fjögur ár sem ég hef starfað sem formaður Viðskiptaráðs höfum við beitt okkur fyrir breytingum í þeim efnum, en því miður þá hefur staðan lítið breyst og ennþá er Samkeppniseftirlitið með hreðjartak á stjórnvöldum og viðskiptalífínu – beðið er marga mánuði eftir niðurstöðu í samrunamálum og oft á tíðum þegar niðurstaða kemur, vekur hún furðu – fyrirtækjum er haldið í gíslingu stofnunarinnar með því að viðhalda málum sem ekki eru kláruð og svo mætti lengi telja. Enginn forráðamaður fyrirtækja þorir að stíga fram af ótta við að vera hengt fyrir slíkt – hér er verið að misbeita valdi. Þetta er ekki boðlegt og Samkeppniseftirlitið á ekki að stjórna íslensku viðskiptalífi – það á að vera með vakandi auga og fylgja sanngjörnu eftirliti, en ekki vera aðillinn sem stýrir þróun á markaði. Við þurfum að horfast í augu við allar þær breytingar sem eru framundan og Samkeppniseftirlitið getur ekki verið dragbítur í þeim efnum og þarf að aðlaga sig að breyttum heimi viðskipta og breyttri stjórnun með framtíðar leiðtogahæfni, þar sem samvinna vegur þungt – ég tala nú ekki um þegar við erum með löggjöf sem er matskennd, þá er þetta spurningin um persónur og leikendur. Og það er með ólíkindum að eftirlitinu takist trekk í tekk að láta íslensk fyrirtæki líta út eins og sakamenn og aðila sem vilja neytendum alls hins versta – ég hafna alfarið þeim málalíbúnaði – neytendur skipta viðskiptalífið höfuðmáli. Hér er alið á VIÐ / ÞIÐ hugsanahætti.

Þá kem ég að næsta málefni, sem hefur legið nálægt hjarta mínu um langt skeið og það eru jafnréttismálin – og svona til að taka af allan vafa, þá eru jafnréttismál ekki kvenréttindamál, eins og svo margir halda, þetta snýst um fjölbreytileika. Tökum stöðunni í íslensku samfélagi. Ég er einstaklega stolt af því að vera frá landi sem hefur mælst númer 1 í jafnréttisvísitölu World Economic Forum í 11 ár – geri aðrir betur! En ég hef jafnframt sagt að það er ekki íslensku viðskiptalífi að þakka að við verum það sæti – þar erum við miklir eftirbátar og erum í 68 sæti. Þarna ætla ég að játa fyrir ykkur að mér finnst mér hafa mistekist á þessum 4 árum mínum sem formanni Viðskiptaráðs að breyta þessari stöðu. Þegar ég tók við sem formaður var ein kona sem stýrði fyrirtæki í Kauphöll Íslands, núna eru þar engar konur – skref afturábak. Við erum núna með 10% konur sem stýra 400 stærstu fyrirtækjum landsins – breyting um 2% stig ...ég ætla að játa fyrir ykkur að ég er orðin nokkuð móð í þessum efnum og eiginlega ráðþrota um hvernig eigi að breyta þessari stöðu, og það er nú ekki oft sem það gerist í mínum ranni. Ég ræddi við einn forstjórnann í Kauphöll Íslands og var að leita ráða hjá honum um hvað hægt væri að gera. Hann sagði mér að það sem þyrfti væri að tala tæpitungulaust um þessi mál – líklega höfum við konur reynt að þakka þessum málum í umbúðir s.s. fjölbreytileikaumbúðir, þar sem trúverðuleiki okkar er minni en karlmanna í þessum efnum – það er lítið svo á að þeir séu að vinna fyrir heildina, en þegar við tölum um þessi mál er lítið á að við séum að vinna að eigin hagsmunum en ekki heildarinnar.

Ég er sammála þessum ágæta forstjóra í Kauphöllinni og langar að taka hérna tvö dæmi um fyrirtæki í Kauphöllinni sem hafa tekið markvissa ákvörðun um að breyta þessari stöðu. Þetta fyrirtæki sem eru leiðandi á sínu sviði. Annað er Marel, en þar hefur hlutfall kvenna í fyrirtækinu aukist úr 12% árið 2010 í 24% árið 2019, með markvissu átaki í þeim efnum, hitt fyrirtæki er Icelandair – sem hefur nú ekki verið þekkt sem jafnréttisfyrirtæki, en alltaf gott þegar breytt er um kúrs, og fyrirtækið hefur nú sett sér markmið um að auka hlut kvenna í stjórnendastöðum í 40% fyrir árið 2025, fjölga stöðugildum kvenflugmanna um 25% og einnig fjölda karla í flugþjónum. Það fyrirtæki í Kauphöll sem hefur staðið sig best er Sjóvá, þar er kona formaður, karl forstjóri, jafnt hlutfall kvenna og karla í framkvæmdastjórn og 40 % stjórnarmanna eru karlar og 60% konur. Þetta eru dæmi um fyrirtæki sem hafa tekið markvissar ákvarðanir í þessum efnum. Skv, GemmaQ, kynjakvarða sem birtur er við fyrirtæki skráð á markað í Kauphöllinni, þá eru ennþá 3 fyrirtæki sem ekki eru með neina konu í framkvæmdastjórn og helmingur fyrirtækjanna er með 1 konu í framkvæmdastjórn – og það er árið 2020!

Það rak á fjörur mínar myndband frá samtökum sem kalla sig „Shesgottit“. Sjáið þið. Vitið þið hvað ég uppgötvaði, ég er partur af vandamálinu, ég karlgeri mjög margt – þeir í Noregi, þeir í Svíþjóð, þeir í Kauphöllinni og svo mætti lengi telja. Ég vil breyta þessu, hvað með ykkur? Þið sem viljið breyta þessu standið upp.

Það þarf samstöðu og vilja til breytinga til að breyta þessari stöðu, sem snýst ekki síst um hagsæld þjóðarinnar. Ég fer bjartsýn frá borði sem formaður Viðskiptaráðs Íslands miðað við þessi viðbrögð og geri ráð fyrir að Ari taki boltann og haldi honum á lofti

Að lokum langar mig að þakka ykkur öllum fyrir samstarfið síðastliðin fjögur ár – þessi ár hafa verið einstaklega gefandi og yfirgef ég sviðið með þakklæti í huga, ekki sýst til teymisins undir stjórn Ástu Sigríðar Fjeldsted, sem ég fullyrði er eitt af flottustu teymum landsins. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar og held áfram að berjast fyrir íslensku viðskiptalífi þó ég hverfi úr stól formanns.